

# Form 1

## Röðum á formin

|                    |                           |                        |                       |                   |
|--------------------|---------------------------|------------------------|-----------------------|-------------------|
| <b>Aldur barna</b> | 2-3 ára                   | 3-4 ára                | 4-5 ára               | 5-6 ára           |
|                    | •                         | •                      | •                     | •                 |
| <b>Námssvið</b>    | Læsi og samskipti         | Heilbrigði og vellíðan | Sjálfbærni og vísindi | Sköpun og menning |
|                    | •                         |                        | •                     | •                 |
| <b>Aðstæður</b>    | Umhverfi                  |                        | Árstíð                |                   |
|                    | Á opnu svæði hvar sem er. |                        | Hvaða árstíð sem er.  |                   |

### Lýsing á verkefni

- Þessi leikur er mjög góður inngangsleikur að því að vinna með form. Þess vegna hentar hann sérstaklega yngstu börnunum. Leikurinn hentar líka vel börnum sem eru að ná tókum á íslensku.
- Eitt formspjald er lagt á jörðina. Kennarinn ræðir við börnin hvaða form það sé (*hringur, þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur*).
- Hópurinn kemur sér saman um hvaða efnivið skuli nota fyrir formið. T.d. laufblöð eða smásteina.
- Öll börnin safna efniviði og raða á formið (sjá mynd *raðað á ferning*).

### Gögn

Stór spjöld með formum, þannig að formin séu um 30-40cm á kant (gjarnan stærri en hér er sýnt á mynd).

